

YFIRKJÖRSTJÓRN SUÐURKJÖRDÆMIS
SEM KJÖRIN VAR AF ALÞINGI 8. DAG FEBRÚARMÁNADAR 2018

Selfossi, 28. október 2021.

Undirbúningsnefnd Alþingis vegna rannsóknar kjörbréfa,
b.t. Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík.

Vísað er til bréfs skrifstofustjóra Alþingis, f.h. forseta Alþingis, dags. 25. október sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um utankjörfundaratkvæði sem ekki voru tekin til greina við Alþingiskosningarnar sem fram fóru hinn 25. september 2021.

Samkvæmt kosningalögum nr. 24/2000 skulu kjörstjórnir kanna hvort taka skuli utankjörfundaratkvæði til greina, skv. ákvæðum 73. gr. og 90. gr., sbr. ákvæði 91. gr. og að atkvæðagreiðslu lokinni, setja í kjörkassa þau atkvæði sem taka skal til greina. Ef ágreiningur er um utankjörfundaratkvæði skal senda þau til yfirkjörstjórnar samkvæmt 92. og 95. gr. laganna. Ekki er kveðið á um skyldu kjörstjórna til að halda sérstakar skýrslur um fjölda eða ástæðu þess að utankjörfundaratkvæði eru ekki tekin til greina. Því þurfti yfirkjörstjórn að skoða bókanir kjörstjórna í gerðabækur til að afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að svara fyrstu fyrirspurn nefndarinnar um *fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki voru tekin til greina við alþingiskosningarnar, aðgreind eftir ástæðum þess að það var ekki gert*. Bókanir kjörstjórna eru misjafnlega ítarlegar hvað þetta varðar.

Við alþingiskosningarnar 25. september sl. voru alls talin 5.865 utankjörfundaratkvæði í Suðurkjördæmi. Af ofangreindum 5.865 utankjörfundaratkvæðum sendu kjörstjórnir 10 vafaatkvæði til sérstakrar sköðunar yfirkjörstjórnar, sbr. bókun yfirkjörstjórnar kl 01:35. Af þessum 10 atkvæðum voru 5 metin gild að formi til og sett í talningu en 5 voru úrskurðuð ógild vegna formgalla og eru meðtalin í upplýsingum hér að neðan.

Samkvæmt bókunum kjörstjórna og að meðtöldum ofangreindum 5 atkvæðum sem yfirkjörstjórn úrskurðaði, voru 59 utankjörfundaratkvæði metin ógild eða voru ekki tekin til greina af ástæðum sem að neðan greinir:

Kjósandi kaus á kjörfundi: 31
Stimpil og undirritun kjörstjóra vantaði: 5
Kjósandi kaus tvívegis utan kjörfundar, það eldra ekki tekið til greina: 4
Undirritun kjósanda vantaði: 2
Kjörseðill ekki í kjörseðilsumslagi: 2
Kjósandi átti kosningarétt í öðru kjördæmi: 1
Ástæða ógildis ekki tilgreind í bókun kjörstjórnar: 14.

Til viðbótar ofangreindu er óskað upplýsinga um:

a) *Hvort ytri umslög utankjörfundaratkvæða hafi verið opnuð áður en þau bárust til kjördeilda? Ef svo, hvar?*

Svar: Nei, ytri umslög voru opnuð í kjördeild. Hjá yfirkjörstjórn voru opnuð 126 utankjörfundaratkvæði í lok talningar: 116 sem bárust yfirkjörstjórn ýmist beint eða frá kjörstjórnnum og 10 utankjörfundaratkvæði sem kjörstjórnir sendu til úrskurðar yfirkjörstjórnar.

b) *Hvort umboðsmönnum hafi verið boðið að vera viðstaddir flokkun utankjörfundaratkvæða í kjördeildir og úrskurð um ógild eða tæk utankjörfundaratkvæði sbr. 91. gr. laga nr. 24/2000?*

Svar: Yfirkjörstjórn flokkaði utankjörfundaratkvæði sem henni höfðu borist á grundvelli upplýsinga um hvar kjósandi ætti kosningarétt og ritaðar voru á ytra umslag og sendi til kjörstjórna. í fyrra skiptið mánudaginn 20. september og í síðara skiptið á kjördag og sendi með kjörstjórnarmönnum, lögreglu eða starfsmönnum yfirkjörstjórnar til réttar kjördeilda til meðferðar. Umboðsmönnum framboða var ekki boðið að vera viðstaddir þá flokkun. Utankjörfundaratkvæði í kjördeildum voru meðhöndluð í samræmi við áður tilvitnuð lagaákvæði í kjördeildum en yfirkjörstjórn er ekki kunnugt um að umboðsmenn hafi verið sérstaklega boðaðir til þeirrar vinnu. Allir umboðsmenn fengu upplýsingar um alla kjörstaði, nöfn formanna kjörstjórna og tengiliðaupplýsingar en yfirkjörstjórn er ekki kunnugt um hvort eða að hve miklu marki þeir áttu samskipti. Umboðsmenn voru sérstaklega kallaðir til meðferðar yfirkjörstjórnar á utankjörfundaratkvæðum ef einhver vafi lék á gildi þeirra. Eins og fundargerð yfirkjörstjórnar ber með sér voru umboðsmenn framboðslista viðstaddir þegar úrskurðað var um gildi vafaatkvæða.

c) *Hvort utankjörfundaratkvæðaseðlar hafi verið fluttir til kjördeilda í óinnsigliðum kössum? Ef svo, hvar?*

Svar: Já. Engin utankjörfundaratkvæði bárust yfirkjörstjórn í innsigliðum kassa. Utankjörfundaratkvæðin bárust yfirkjörstjórn frá embættum sýslumanna, kjörstjórnnum, einstaklingum, umboðsmönnum framboðslista, starfsmönnum framboða og frambjóðendum, voru varðveitt og þeim sem mögulegt var, komið til viðeigandi kjördeilda með kjörstjórnarmönnum, starfsmönnum yfirkjörstjórnar eða lögreglu. Svo háttaði um sendingu utankjörfundaratkvæða í öll sveitarfélög í kjördæminu.

Virðingarfyllt,
f.h. yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis,


Þórir Haraldsson, oddviti.